



BROTTHVARF ÚR FRAMHALDSSKÓLUM

HAUST 2014

*Niðurstöður skráninga á ástæðum brotthvarfs, frá
nemendum sem hættu námi í framhaldsskólum á haustönn
2014*

Námsmatsstofnun:

Mars 2015

Útgefandi: Námsmatsstofnun

Borgartúni 7a, 104 Reykjavík

Sími: 550 2400

Netfang: namsmat@namsmat.is

Veffang: namsmat.is

Umbrot og textavinna: Námsmatsstofnun

Höfundur: Krístrún Birgisdóttir

© 2015 Námsmatsstofnun

ISBN 978-9935-433-57-2

Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Úrvinnsla gagna	3
Helstu niðustöður	3
Innritun í framhaldsskóla	7
Samanburður á vorönn 2014 og haustönn 2014	8
Að lokum.....	9

Inngangur

Undanfarin ár hefur mennta- og menningarmálaráðuneytið, í samstarfi við framhaldsskólana, beitt sér fyrir aðgerðum til að draga úr brotthvarfi. Aðgerðirnar snúa meðal annars að því að kalla eftir upplýsingum um brotthvarf og skima fyrir brotthvarfi í framhaldsskólum landsins.

Byrjað var að kalla eftir upplýsingum um ástæður brotthvarfs vorið 2013 og hefur það því verið gert undanfarnar fjórar annir. Í ársbyrjun 2013 var einnig byrjað að skima fyrir brotthvarfi í þremur skólum í tilraunaskyni. Skimunin byggir á því að spurningalisti, sem ætlaður er til þess að meta áhættuþætti er varða brotthvarf, er lagður fyrir alla nýnema sem eru á sinni fyrstu önn í framhaldsskóla. Í október 2014 var skimað fyrir brotthvarfi í 18 framhaldsskólum og náði skimunin yfir tæplega helming þeirra nemenda sem hófu nám í framhaldsskólum haustið 2014. Í framhaldi af fyrirlögn unnu náms- og starfsráðgjafar að því að finna úrræði með þeim nemendum sem mældust í hvað mestri brotthvarfshættu. Að sögn náms- og starfsráðgjafa skólanna nýtist skimunin vel til þess að takast á við og vinna gegn brotthvarfi. Um síðustu áramót var umsýsla brotthvarfsverkefna ráðuneytisins flutt til Námsmatsstofnunar en fyrirhugað er að verkefnin verði í umsjón Menntamálastofnunar, nýrrar undirstofnunar ráðuneytisins, frá og með hausti 2015.

Skýrsla þessi byggir á niðurstöðum skráninga á uppgefnum ástæðum brotthvarfs frá þeim nemendum sem hættu námi áður en að lokaprófum kom á haustönn 2014. Verkefnið er unnið í nánú samstarfi við framhaldsskólana og er skólameisturum, náms- og starfsráðgjöfum og öðru starfsfólki skólanna þakkað sérstaklega fyrir ánægjulegt og gott samstarf.

Úrvinnsla gagna

Í upphafi haustannar 2014 var samræmt skráningablað sent til skólameistara og náms- og starfsráðgjafa 31 framhaldsskóla á landinu. Allir skólarnir skiluðu inn niðurstöðu skráninga til Námsmatsstofnunar í janúar 2014. Viðmiðið var að nemandi hefði hafið nám á haustönn 2014 en ekki skilað sér í próf í lok annar. Óskað var eftir því að haft yrði samband við alla nemendur sem hættu námi á önninni. Vert er að taka fram að niðurstöður skráninga eiga ekki við um þá nemendur sem hættu námi á milli haustannar 2014 og vorannar 2015. Óskað var eftir því að skráð yrði sérstaklega hvort móðurmál þeirra nemenda sem hættu væri annað en íslenska. Þar sem talað er um brotthvarf sem ferli liggur sjaldnast ein ástæða að baki því að nemendur hætta í námi en í þessari skráningu var þó beðið um að skráð yrði ein ástæða hjá hverjum nemanda og var það lagt í hendur náms- og starfsráðgjafa skólanna, sem höfðu samband við nemendur eftir að þeir hættu, að meta í samráði við nemendur hver væri helsta ástæða fyrir brotthvarfi þeirra. Ekki verða birtar upplýsingar um brotthvarf í einstaka skólum eða tegund náms.


Helstu niðustöður

Í gögnunum kom fram að í 31 skóla hefðu 790 nemendur, 408 karlar og 382 konur, hætt námi án þess að ljúka prófum í lok haustannar 2014. Af þeim 790 sem hættu fóru 117 nemendur í aðra skóla og teljast þeir því ekki til eiginlegs brotthvarfshóps. Af því leiðir að 673 nemendur sem hófu nám á haustönn 2014 voru hættir í skólunum áður en til lokaprófa kom. Á mynd eitt koma fram heildartölur og ástæður brotthvarfs flokkaðar eftir kyni.

Ástæður brotthvarfs	Haust 2014			Hlutfall af heild
	Karl	Kona	Alls	
Fór að vinna	79	52	131	17%
Flutningar	9	8	17	2%
Fjárhagsaðstæður	11	6	17	2%
Námsörðugleikar	6	1	7	2%
Fannst námið tilgangslaust/áhugaleysi	41	30	71	9%
Nám of erfitt	8	3	11	1%
Samskiptaörðugleikar við starfsfólk skóla	0	1	1	0%
Einelti	0	3	3	0%
Vísað úr skóla/brot á skólareglum	53	26	79	10%
Veikindi barna	0	3	3	0%
Fór í annan skóla	46	71	117	15%
Líkamleg veikindi	13	49	62	8%
Persónulegar ástæður	27	26	53	7%
Neysla/meðferð	6	2	8	1%
Andleg veikindi	41	56	97	12%
Annað	68	45	113	14%
Samtals	408	382	790	100%

Mynd 1: Brotthvarf, heildartölur flokkað eftir kyni – uppgæfna ástæður nemenda.


Óskað var eftir því að skólarnir skráðu aldur þeirra nemenda sem hættu í námi þannig að gerð var grein fyrir fæðingarári nemenda upp að 20 ára aldri. Nemendur sem voru eldri en tuttugu ára voru flokkaðir sem „eldri“. Þessi skráning gekk nánast eftir en gerð var grein fyrir 789 nemendum af þeim 790 sem hættu. Af þeim 790 nemendum sem hættu í námi á haustönn 2014 voru 471 á aldrinum 16-20 ára, eða 60%. Því eru um 40% þeirra sem hættu námi á önninni tuttugu ára og eldri.



Mynd 2: Brotthvarf, heildarfjöldi flokkaður eftir fæðingarári.

Hér má sjá hvernig fjöldi nemenda sem hættu námi á haustönn 2014 skiptist eftir aldri en brotthvarf þeirra sem tilheyra hópi „yngri“ var hæst hjá þeim nemendum sem áttu samkvæmt aldri að vera á þriðja ári í framhaldsskóla.

Brotthvarf, hlutfall flokkað eftir aldri



Mynd 3: Brotthvarf, flokkað eftir aldri/hlutfall af heild.

Þegar uppgæfnar ástæður nemenda fyrir brotthvarfi eru skoðaðar nánar eftir aldri má sjá að nokkur munur er á ástæðum þess að nemendur hættu í námi. Af þeim sem hættu í námi og eru fæddir á árunum 1995-1998 (20 ára og yngri) fór 101 nemandi í aðra skóla en flestir af þeim sem skiptu um skóla, eða 43 nemendur, voru fæddir 1998 og því á sinni fyrstu önn í framhaldsskóla. Þrátt fyrir að þeir nemendur sem skipta um skóla teljist ekki til eiginlegs brotthvarfshóps þá vekur það athygli hversu margir nemendur tilheyra þessum hóp þar sem rúmlega 98% nemenda á þessum aldri komust inn í þá skóla sem þeir völdu annaðhvort í fyrsta eða öðru vali.

Brotthvarf uppgæfnar ástæður	1998	1997	1996	1995	Eldri
Fór að vinna	5	10	28	17	71
Flutningar	2	7	2	1	4
Fjárhagsaðstæður	0	2	2	1	13
Námsörðugleikar	0	3	2	1	1
Fannst námið tilgangslaust/áhugaleysi	9	18	15	13	16
Nám of erfitt	3	1	2	2	3
Samskiptaörðugleikar við starfsfólk skóla	0	0	0	0	1
Einelti	0	0	0	0	0
Vísað úr skóla/brot á skólareglum	2	6	21	16	35
Veikindi barna	0	0	0	0	3
Fór í annan skóla	43	28	23	7	14
Líkamleg veikindi	3	1	6	7	45
Persónulegar ástæður	1	2	10	5	34
Neysla/meðferð	2	2	2	2	1
Andleg veikindi	18	12	23	10	35
Annað	10	14	22	27	42
Samtals	98	106	158	109	318

Mynd 4: Brotthvarf, heildartölur flokkað eftir aldri – uppgæfnar ástæður nemenda.

Ef skoðaður er nánar sá hópur sem er á aldrinum 16-20 ára má sjá að hjá þeim sem eru yngstir í þessum hóp, eða fæddir árið 1998 (16 ára), hættu flestir til að fara í aðra skóla. 18 nemendur, eða 18% af heildarfjölda á þessum aldri, sögðust hafa hætt vegna andlegra veikinda og 9 nemendur sögðust hafa hætt


vegna þess að þeir höfðu ekki áhuga eða þeim fannst námið tilgangslaust.

Hjá nemendum sem fæddir eru 1997 (17 ára) hættu einnig flestir til að fara í aðra skóla. Í þessum hóp hættu 12 nemendur eða rúm 11% af heildarfjölda þeirra sem hættu á þessum aldri vegna andlegra veikinda og 10 eða 9% fóru að vinna.

Flestir af þeim sem hættu í hópi nemenda á aldrinum 16-20 ára eru fæddir 1996 og voru samkvæmt aldri á sínu þriðja ári í framhaldsskóla. Samtals 23, eða rúm 14%, skiptu um skóla og sami fjöldi hætti vegna andlegra veikinda. Alls 28, eða tæp 18% nemenda úr þessum árgangi, hættu námi til þess að fara út á vinnumarkaðinn. Alls 109 nemendur sem hættu á aldrinum 16-20 ára eru fæddir árið 1995 og áttu samkvæmt aldri að vera að ljúka framhaldsskóla nú í vor. Samtals 16, eða tæp 15% nemenda á þessum aldri, fóru í aðra skóla. Alls 17, eða tæp 16% nemenda, fóru að vinna og 13, eða 12%, sögðu námið tilgangslaust og 10 eða 9% nemenda hættu vegna andlegra veikinda.

Alls 40% allra sem hættu voru nemendur eldri en 20 ára. Algengasta ástæðan fyrir brotthvarfi úr þessum hóp var að nemendur fóru að vinna en alls hættu 71, eða 22% af heildarfjölda hópsins, vegna þessa. Samtals hættu 35 nemendur, eða 11%, vegna andlegra veikinda. Alls var 80 nemendum vísað úr skóla vegna brota á skólareglum. Líklegt er að flestir sem tilheyra þessum hóp hafi ekki staðist viðmið um reglur er varða mætingar en það þyrfti að kanna betur. Ekki var marktækur munur á því hvort nemendur sem vísað var úr skóla vegna þessa tilheyrðu hópi þeirra sem yngri voru eða eldri en 20 ára. Þess ber að geta þess að skólum er óheimilt að vísa nemendum á fræðsluskilyldaldri (yngri en 18 ára) úr skóla eingöngu vegna slakrar mætingar og því líklegt að þeir nemendur sem eru yngri en 18 ára og tilheyra þessum hópi hafi brotið annarskonar skólareglur.

Þegar litið er á uppgefnar ástæður nemenda flokkaðar eftir kyni má sjá að nokkur munur er á því hvaða ástæður nemendur gáfu fyrir því að hafa hætt námi. Sem dæmi má nefna að algengara var að drengir hættu til þess að fara að vinna, væri vísað úr skóla vegna brots á skólareglum eða fyndist námið tilgangslaust á meðan andleg og líkamleg veikindi og að skipta um skóla voru mun algengari ástæður hjá stúlkum. Þessi munur milli kynja gefur tilefni til þess að skoða hvort ekki þurfi að beita mismunandi úrræðum eftir kyni nemenda til þess að takast á við vandann.




Mynd 5: Algengustu ástæður brotthvarfs – flokkaðar eftir kyni.

Það getur reynst skólum erfitt að takast á við brotthvarf nemenda. Sem dæmi má nefna nemendur sem hættu í námi vegna veikinda, fjárhagsörðugleika, flutninga svo og þá sem kjósa að taka sér frí frá námi eða

hætta til þess að fara út á vinnumarkaðinn. Heildarniðurstöður skráninga á brotthvarfi á haustönn 2014 sýna að 335 nemendur, 159 karlar og 176 konur, eða 42% af heildarfjölda, hættu af þessum ástæðum.

Óskað var eftir því að skólarnir skráðu sérstaklega hvort móturmál þeirra sem hættu væri annað en íslenska. Niðurstöður leiddu í ljós að 10 nemendur af þeim 790 sem hættu námi á haustönn 2014 höfðu annað móturmál en íslensku.



Mynd 6: Brotthvarf – hættir vegna veikinda, fjárhagsástæðna, flutninga og atvinnu.

Ýmsar ástæður geta legið að baki vilja nemenda til þess að skipta um skóla og þar geta skólar átt erfitt með að hafa áhrif en 117 nemendur, 46 karlar og 71 kona, skiptu um skóla á haustönn 2014. Ef tekinn er saman fjöldi þeirra sem skiptu um skóla, hættu vegna veikinda, fluttu, hættu vegna fjárhagsörðugleika eða fóru að vinna standa eftir 338 nemendur sem hættu námi á haustönn 2014.

Innritun í framhaldsskóla

Innritun í framhaldsskóla er, samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008, á ábyrgð skólanna sjálfra og setur hver skóli sér viðmið og reglur um inntöku nýnema, innan þeirra marka sem sett eru með reglugerð um innritun nemenda í framhaldsskóla nr. 1150/2008. Flestir skólar raða umsækjendum eftir einkunnum og gildir þá sú regla, hjá þeim skólum sem fá fleiri umsóknir en þeir geta tekið við, að þeir sem hafa hæstu einkunnirnar komast fyrstir inn í skólann. Það er því ljóst að skólar eru að taka við misjöfnum hópi nemenda þegar litið er til námsárangurs þeirra við útskrift úr grunnskóla. Vert er að hafa í huga að rannsóknir hafa sýnt fram á að lokaeykingar úr grunnskóla hafa mest forspárgildi um námsgengi í framhaldsskóla. Í ljósi þessa er gagnlegt að sjá hversu mikill munur er á einkunnum 10. bekkinga eftir því í hvað skóla þeir fara. Það er ánægjulegt frá því að segja að sífellt fá fleiri nemendur sem útskrifast úr 10. bekk fá inni í þeim skólum sem þeir sækja um en á haustönn 2014 komust tæplega 99% nemenda inn í þá skóla sem þeir sóttu um annað hvort í fyrsta eða öðru vali.

Á mynd 7 má sjá meðaleinkunnir nýnema (fæddir 1998) í íslensku, ensku og stærðfræði og fjölda þeirra sem innritaðist í hvern skóla haustið 2014.

Skóli	Meðaleinkunn ísl/ens/stæ	Meðaleinkunn KVK ísl/ens/stæ	Meðaleinkunn KK ísl/ens/stæ	Fjöldi nýnema
Borgarholtsskóli	6,35	6,86	5,97	199
Fisktækniskóli Íslands ehf	5,15		5,15	5
Fjölbr.sk. Norðurl. vestra	7,12	7,81	6,43	82
Fjölbrautask. Snæfellinga	7,41	7,86	7,15	39
Fjölbrautask. Suðurlands	7,04	7,13	6,97	202
Fjölbrautask. Suðurnesja	7,16	7,66	6,73	217
Fjölbrautask. Vesturlands	7,11	7,46	6,88	110
Fjölbrautask. í Breiðholti	6,58	6,67	6,5	198
Fjölbrautask. í Garðabæ	7,2	7,34	7,04	206
Fjölbrautask. við Ármúla	6,14	6,25	6,04	114
Flensborg	6,88	6,94	6,82	164
Frh.sk. á Húsavík	6,82	7,75	6,21	20
Frh.sk. á Laugum	7,04	6,54	7,47	29
Frh.sk. í A-Skaftaf.	6,96	7,8	6,18	29
Frh.sk. í Mosfellsbæ	6,72	6,98	6,46	95
Frh.sk. í Vestmannaeyjum	7,39	7,33	7,45	49
Iðnskólinn í Hafnarfirði	5,74	5,8	5,72	74
Kvennask. í Reykjavík	8,55	8,63	8,33	205
Menntask. Borgarfjarðar	6,64	7,32	6,15	28
Menntask. að Laugarvatni	7,71	7,94	7,51	27
Menntask. á Akureyri	8,25	8,27	8,21	212
Menntask. á Egilsstöðum	7,58	7,81	7,07	79
Menntask. á Ísafirði	7,08	7,69	6,64	72
Menntask. á Tröllaskaga	7,1	7,52	6,57	22
Menntask. í Kópavogi	6,77	6,94	6,65	210
Menntask. í Reykjavík	9,03	9,09	8,95	255
Menntask. við Hamrahlíð	8,85	8,89	8,79	264
Menntask. við Sund	7,71	7,7	7,73	258
Námsfl. Reykjavíkur	5,69	6,63	4,75	9
Tækniskólinn	6,71	6,76	6,7	166
Verkmenntask. Austurlands	6,71	7,31	6,24	35
Verkmenntask. á Akureyri	6,9	7	6,83	244
Verzlunarskóli Íslands	9,05	9,08	9,02	338

Mynd 7: Meðaleinkunnir nýnema og fjöldi sem innritaðist haust 2014.

Samanburður á vorönn 2014 og haustönn 2014

Á vorönn 2014 skráðu skólarnir að alls hefðu 869 nemendur hætt námi og þegar búið var að taka frá þá 78 nemendur skiptu um skóla stóð eftir 791 nemandi sem taldist til hóps eiginlegra brotthvarfsmemenda. Til samanburðar var heildarfjöldi þeirra sem hætti í námi á haustönn 2014 790 og að frádregnum þeim 117 sem fóru í annan skóla var eiginlegur fjöldi þeirra sem hættu á haustönn 2014, 673. Af þessu má sjá að brotthvarf á haustönn, samkvæmt þessari mælingu, er sem nemur 118 nemendum minna en á vorönn 2014. Heildarfjöldi þeirra sem skiptu um skóla jókst þó um tæp 6% á milli anna. Nemendum sem fóru að

vinna fjölgaði einnig eða um tæp 6% og þess ber að geta að á vorönn hættu 3,1% nemenda vegna verkfalls kennara í framhaldsskólum.

Á vorönn 2014 var 247 nemendum vísað úr skóla vegna brots á skólareglum, flestir tilheyrðu hóp þeirra sem ekki stóðust viðmið skólanna um mætingu. Það er ljóst að þegar nemendur mæta illa eða hætta að mæta í skólann þá liggja að baki því misjafnar ástæður. Það var því lögð áhersla á að skólarnir hefðu samband við þá nemendur sem voru hættir að mæta á haustönn 2014 til að fá nánari útskýringar á fjarveru nemenda. Þetta tókst vonum frammar og tókst að greina hópinn betur en á undanförunum önnum. Ekki náðist í 79 nemendur sem hættu á haustönn 2014.

Það er áhyggjuefni að nemendum sem sögðust hætta vegna andlegra veikinda fjölgar á milli ára eða um rúm 3%. Einnig fjölgaði um 3% í hóp þeirra sem hættu vegna líkamlegra veikinda. Nemendum með annað móðurmál en íslensku fækkaði í brotthvarfshópnum á milli anna eða úr 52 á vorönn 2014 niður í 10 á haustönn 2014. Á vorönn 2014 komu 48% allra þeirra sem hættu námi frá fjórum stórum framhaldsskólum á höfðuborgarsvæðinu. Á þessu hefur orðið breyting þ.e. að tveir af skólunum eru ekki lengur á meðal fjögurra efstu en í staðinn bættust við tveir skólar, annar á höfðuborgarsvæðinu og hinn á landsbyggðinni. Samtals er brotthvarfið í þessum fjórum skólum nú 33% af heildarfjölda allra skólanna sem þýðir að brotthvarf haustannar dreifist jafnar niður á fleiri skóla en á vorönn 2014. Líkt og á vorönn 2014 eiga skólarnir fjórir það sameiginlegt að vera fjölmennir, taka við breiðum hóp nemenda hvað varðar einkunnir úr 10. bekk, aldur og fyrri skólagöngu.

Hafa ber í huga að 40% nemenda sem hættu námi á haustönn 2014 voru eldri en 20 ára og því eðlilegt að þeir skólar sem taka við nemendum úr þessum aldurshópi glími við hærri hlutfall brotthvarfs en aðrir skólar.

Að lokum

Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir niðurstöðum skráninga á uppgefnum ástæðum nemenda á brotthvarfi þeirra úr framhaldsskólum á haustönn 2014. Það er ljóst að skólarnir eru að gera það sem þeir geta til að koma til móts við misjafnar þarfir nemenda. Niðurstöður skráninga sýna að nemendum sem ekki skiluðu sér í próf í annarlok fækkaði á milli anna. Það er þó áhyggjuefni að nemendum sem segjast hafa hætt vegna andlegra veikinda er að fjölga á milli anna og við því þarf að bregðast. Í samhengi við það má velta því fyrir sér hversu vel framhaldsskólarnir eru í stakk búnir til að takast á við þann vanda. Samkvæmt samtölum við náms- og starfsráðgjafa framhaldsskólanna snúast störf þeirra í auknum mæli um að veita nemendum, með erfið persónuleg vandamál, þjónustu sem betur ætti heima á sviði velferðarþjónustu. Þetta hefur eðlilega þau áhrif að minni tími gefst til að sinna náms- og starfsfræðslu en markviss náms- og starfsfræðsla er eitt af því sem talið er að dragi úr brotthvarfi.

Nemendur sem glíma við alvarleg andleg veikindi þurfa á sálfræðiþjónustu að halda en slík þjónusta er ekki til staðar í nema einum framhaldsskóla. Niðurstöður skráninga síðustu anna hafa ítrekað sýnt að brotthvarf vegna andlegra veikinda er minna í þeim skóla þar sem nemendum býðst sálfræðiaðstoð innan skólans. Í framhaldinu má velta því fyrir sér hvort ekki væri til bóta að framhaldsskólum yrði gert kleift að bjóða þeim nemendum sem þurfa sálfræðiþjónustu þjónustuna innan skólanna, í stað þess að vísa þeim á úrræði utan skólans en til þess að það verði mögulegt þarf að koma til aukið fjármagn. Með því að efla sálfræðiþjónustu innan skólanna eykst svigrúm fyrir náms- og starfsráðgjafa til að sinna þeim verkefnum sem þeir er ætlað.

Í skýrslum undanfarinna anna hefur verið minnst á mikilvægi þess að koma á samvinnu á milli mennta-, heilbrigðis- og velferðarkerfisins til takast á við að minnka brotthvarf frá námi svo og nauðsyn þess að

styðja betur fjáhagslega við bakið á þeim skólum sem taka við nemendum í hvað mestri brotthvarfshættu. Eins og áður hefur komið fram er litið á brotthvarf sem ferli og því fyrr sem gripið er inn í það ferli því meiri líkur eru á að hægt sé að koma í veg fyrir að nemandinn hætti í námi. Þeir nemendur sem tölfræðin hér að framan byggir á eru hættir námi og alls óvíst hvort þeir eiga eftir að ljúka námi síðar.

Skimun fyrir nemendum í brotthvarfshættu er lykilþáttur í því að skólar geti unnið að forvörnum, íhlutun og stuðningi við nemendur sína og því þyrfti að leggja fyrir skimunarpróf í öllum framhaldsskólunum. Þar sem skráning á ástæðum brotthvarfs nær ekki yfir þá nemendur sem hættu á milli anna er varhugavert að álykta af þessum niðurstöðum einum að brotthvarf í framhaldsskólum sé að minnka. Niðurstöður sambærilegra skráninga frá fyrri önnum sýna þó að nemendum sem hætta fyrir lok annar hefur fækkað jafnt og þétt á síðustu fjórum önnum en á haustönn 2014 hættu sem nemur 210 færri nemendum en á vorönn 2013.

Upplýsingaöflun af þessu tagi er einstök og mikilvæg viðbót við þær aðgerðir sem fyrir eru í skólunum til að sporna gegn brotthvarfi. Áfram verður óskað eftir því að skólar kalli eftir ástæðum brotthvarfs líkt og gert hefur verið undanfarnar fjórar annir. Fulltrúar einstakra skóla telja niðurstöður gagnaöflunar nýtast þeim markvisst, samhliða öðru, í vinnu gegn brotthvarfi og því er mikilvægt að niðurstöðum sé fylgt eftir með kynningu innan skólanna. Ljóst er að mikil vinna, sem leggst ofan á annað álag á náms- og starfsráðgjafa skólanna, liggur að baki því að hafa samband við alla þá nemendur sem hætta námi. Lögð hefur verið áhersla á að einfalda þá vinnu sem leggst á skólana vegna verkefnisins og var því tekin sú ákvörðun að niðurstöður yrðu skráðar hér eftir beint í INNU sem er það nemendaskráningakerfi sem framahaldsskólarnir nota. Með þessum breytingum verður skráningin fyrir skólana einfaldari en einnig verður hægt að nálgast ítarlegri upplýsingar um ástæður brotthvarfs sem nýtast skólunum betur svo og í stefnumótun stjórnvalda til að draga úr brotthvarfi.